




UMHVERFISSTOFNUN

# Skemmtiferðaskip á réttri leið?

*Hlutverk Umhverfisstofnunar sem umsjónaraðila  
friðlýstra náttúruminja*


Jón Smári Jónsson

# Efnisyfirlit

- Hlutverk Umhverfisstofnunar skv. lögum um náttúruvernd nr.60/2013
  - Hlutverk Umhverfisstofnunar sem umsjónaraðila friðlýstra náttúruminja
  - Friðlandið á Hornströndum – Markmið verndunar skv. IUCN
  - Reynsla frá Svalbarða varðandi reglur og samráð siglinga skemmtiferðaskipa
  - Umhverfisáhrif vegna siglinga skemmtiferðaskipa
  - Greining á siglingum skemmtiferðaskipa við friðlandið á Hornströndum 2015
  - Niðurstöður og tillögur til úrbóta varðandi siglingaleiðir og/eða landtöku innan friðlýstra náttúruminja
  - Næstu skref...
- 

# Hlutverk Umhverfisstofnunar

## Lög um náttúruvernd nr.60/2013

- Hlutverk stofnana við stjórnun náttúruverndarmála
    - Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laganna
    - veitir leyfi og umsagnir skv. ákvæðum laganna
    - annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða
    - ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir friðlýst svæði
    - sinnir fræðslu
    - veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál
    - annast undirbúning friðlýsinga
    - Metur nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun
    - Sér um kynningu tillögu að endurskoðaðri náttúruminjaskrá og úrvinnslu umsagna vegna hennar
- 

# Hlutverk Umhverfisstofnunar sem umsjónaraðila friðlýstra náttúruminja

- Með friðlýsingu náttúruminja er m.a. lögð áhersla á
  - Varðveislu fjölbreyttrar náttúrulegrar gróðurfánu, fugla og dýra.
  - Náttúrulega þróun svæða án afskipta mannsins.
  - Að tegundir dafni og þróist án truflunar (dregið úr álagi og truflun á tegundir á svæðum).
  - Styðja við upplifun og ferðir fólks, enda sé það meðvitað um ábyrgð sína gagnvart eigin ferðum og náttúrufari svæðanna.
  - Varðveita svæðin fyrir framtíðarkynslóðir, skapa ástæðu til þekkingaröflunar og rannsókna á svæðunum.

# Friðlandið á Hornströndum – Grundvöllur verndunar skv. IUCN

- Markmiðið með verndun slíkra svæða er að vernda til langframa vistkerfi náttúru sem ekki hefur orðið fyrir miklum áhrifum af starfsemi mannsins, er laus við innviði nútímans og þar sem náttúruöfl og náttúrulegir ferlar ráða ferðinni og til þess að núlifandi og komandi kynslóðir fái tækifæri til að upplifa slík svæði (IUCN, 2014).
- *„Protected areas that are usually large unmodified or slightly modified areas, retaining their natural character and influence, without permanent or significant human habitation, which are protected and managed so as to preserve their natural condition“.* (IUCN, 2014)

# Reynsla frá Svalbarða varðandi reglur og samráð um siglingu skemmtiferðaskipa

- Bann við umferð hefur verið sett á 9 stöðum vegna menningararfleifðar (*e. cultural heritage sites*) og takmarkanir verið settar á siglingar skipa innan friðlanda á austurhluta Svalbarðasvæðisins.
- Bann við notkun og flutningi á svartolíu innan þriggja þjóðgarssvæða á vesturhluta Svalbarða og innan friðlanda á austurhlutanum (*Sysseلمannen på Svalbard, 2015*).
- Norska pólarstofnunin hefur útbúið handbók fyrir skemmtiferðaskip sem meðal annars inniheldur leiðbeiningar um hvað gera eigi til að forðast umhverfisrask á tilteknum landtökustöðum.
- AECO hefur gert leiðbeiningar er varða ferðamennsku á Svalbarða og skulu fyrirtæki sem eru aðilar að samtökunum fylgja þeim
- Landstjórinn hefur haldið fundi með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu a.m.k. tvisvar sinnum á ári og hefur einnig tekið þátt í árlegum fundi AECO.

(Miljødirektoratet, 2013):

# Umhverfisáhrif vegna siglinga skemmtiferðaskipa

- Ágengar tegundir geta valdið alvarlegri röskun á vistkerfum og mikilvægt er að rekstraraðilar skemmtiferðaskipa, sem og aðrir rekstraraðilar á svæðinu, leggi áherslu á verkferla sem minnka líkurnar á að nýjar tegundir séu fluttar inn á svæði.
- Olíuóhapp hefði alvarlegustu afleiðingarnar, en skiptingin úr notkun svartolíu í notkun á skipadíseloilíu/skipagasolíu hefur dregið úr líkunum á að mjög mikil og langvarandi áhrif verði
- Olíuóhapp á svæðum þar sem mikið er um sjófugla eða tegundir sjávarspendýra getur valdið miklu tjóni á lífríki svæða


(Evenset og Christensen, 2011).

# Umhverfisáhrif vegna siglinga skemmtiferðaskipa


- Magn eldsneytis sem fer í sjó er hlutfallslega mest vegna strands skemmtiferðaskipa. Ástæðan er sú að skemmtiferðaskip sigla að jafnaði nær landi en fiskiskip og eru mikið til innan við 10 sjómílar frá landi (DNV GL, 2014)
- Skemmtiferðaskip hafa að öllum líkindum ekki eins mikil áhrif á umhverfi sjávar og mörg önnur skip, s.s. fiskiskip og rannsóknarskip vegna þeirrar staðreyndar að ekki kemur til beinnar íhlutunar inn í umhverfi sjávar (DNV GL, 2014)
- Að mati skýrsluhöfunda eru leiðbeiningar/reglur sem gerðar hafa verið af rekstraraðilum skemmtiferðaskipa (sem og gildandi lög og reglur) og menntaðir leiðsögumenn leiðir til að draga sem mest úr áhrifum af komum skemmtiferðaskipa (Evenset og Christensen, 2011).



# Greining á siglingum skemmtiferðaskipa við friðlandið á Hornströndum 2015

- Við skoðun á ferlum skemmtiferðaskipa sem sigldu milli Horns og Ísafjarðar árið 2015 kom í ljós að flest skipanna sigla þá leið án viðkomu á stöðum sem eru sérstaklega viðkvæmir og/eða hafa takmarkaða innviði til móttöku slíks fjölda gesta
  - Það eru minnstu skemmtiferðaskipin, þ.e. skip sem taka allt að 400 farþega, sem sigla næst landi og inn í vikur við friðland Hornstranda eða inn Jökulfirði
  - Því þyrft að skoða sérstaklega hvort ástæða væri til að hafa áhyggjur af siglingu þeirra skipa svo nærri landi
- 

# Greining á siglingum skemmtiferðaskipa við friðlandið á Hornströndum 2015



# Niðurstöður og tillögur til úrbóta varðandi siglingaleiðir og/eða landtöku innan friðlýstra náttúruminja

- Lögð verði áhersla á að kynna fyrir hagsmunaaðilum og ferðamönnum hvaða reglur gilda um friðlýstar náttúruminjar, s.s. um tilkynningaskyldu til Umhverfisstofnunar á ákveðnu tímabili
- Skoðað verði hvort þörf er á sérstakri upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar í tengslum við siglingar skemmtiferðaskipa og landtöku farþega
- Samvinna við hagsmunaaðila - Gerðar verði leiðbeininga eða reglur um siglingar skemmtiferðaskipa og umferð ferðamanna vegna landtöku innan friðlýstra svæða í samstarfi við hagsmunaaðila

# Næstu skref...

## **Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum**

- Umhverfisstofnun í samstarfi við fulltrúa landeigenda og Ísafjarðarbæ undirbýr gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum
- Fulltrúar þessara aðila mynda samstarfshóp sem vinnur að gerð áætlunarinnar
- Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildum þess
- Vinna við áætlunina hófst í lok 2016
- Gert ráð fyrir að formlegt kynningarferli hefjist í júní 2017
- Áætlað að gerð áætlunarinnar verði lokið seinnihluta 2017

Gerð áætlunarinnar er öllum opin á vefsvæði Umhverfisstofnunar og er öllum athugasemdum og ábendingum fagnað.

[www.ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraetlanir-i-vinnslu/hornstrandir](http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraetlanir-i-vinnslu/hornstrandir)

Takk fyrir

